

# Ævintýri lautabanans

Selkórsballið var haldið í félagsheimili Seltjarnarnes laugardaginn 1 maí. 150 manns voru í mat, en 100 mans komu eftir matinn. Þetta ball er árviss atburður í bæjarlífinu og er fjölmennasta skemmtun sem haldin er. Kvöldið byrjaði með fordrykk kl.19. Síðan var matur og létt óperetta heimasmíðuð og hét Ævintýri lautabanans. Án þess að ætla að vera með nokkra leikdóma var þetta mjög góð sýning, sem gerast átti einu sinni í fortíðinni þegar rætt var um skipulagsmál í bæjarstjórn Seltjarnarnes. Myndin er tekin af leikendum: Frá vinstri Inga Erlingsdóttir (Guðrún Þorbergs) Guðrún Elísabet (Erna Níelsar) Stefán Hermannsson (Steinn Jónsson) Sigurður Geirsson (Sigurgeir Sigurðsson) Skúli Magnússon (Ásgeir Ásgeirsson), á eftir var dansað af krafti langt fram eftir nóttu.